

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 7. febrúar 2018

Landssamtök íslenskra stúdenta auglýsa eftir áhugasömum einstaklingi til þess að sitja í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.

Nefndin starfar samkvæmt 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og reglum nr. 1152/2006. Hún fjallar um kærur og kvartanir stúdenta í háskólum á hendur skólunum vegna málsmeðferðar og/eða ákvarðana um þeirra mál.

Sótt er um með því að senda umsókn á lis@haskolanemar.is. Umsóknarfrestur rennur út þann 7. febrúar kl 12:00. **FRESTUR HEFUR VERIÐ FRAMLENGDUR TIL 9. febrúar kl 12:00.**

Umsókn skal innihalda helstu upplýsingar, m.a.:

- Nafn og aldur.
- Ferilskrá.
- Stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Menntunar og hæfniskröfur eru eftirfarandi

- Umsækjendur þurfa að uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara sbr. 29. gr. laga nr. 50/2016.
- Þekking á og reynsla af opinberri stjórnslu.
- Gott vald á íslenskri tungu.
- Skipulögð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að umsækjandi hafi

- Reynslu af störfum kær- og/eða úrskurðarnefnda.
- Þekkingu á lagaumhverfi háskóla.
- Reynslu af og/eða áhuga á hagsmunabaráttu stúdenta.

Fulltrúinn kemur til með að taka sæti 2. apríl 2018 og er skipaður til tveggja ára. Þá verður úr hópi umsækjenda einnig valinn varafulltrúi af öðru kyni en aðalfulltrúi.

Lesið má nánar um störf nefndarinnar [hér](#) á heimasíðu Stjórnarráðsins. Nánari upplýsingar veitir Aldís Mjöll Geirsdóttir formaður LÍS á lis@haskolanemar.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.